

**Nd.**

**76. Frumvarp**

til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

**1. gr.**

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: Annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

**Greinargerð.**

Frv., samhljóða þessu, hefi ég borið fram á tveim síðustu þingum, en það hefir eigi náð fram að ganga. Vísast hér til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. á þinginu 1929, og þeirra umræðna, er urðu um það þá. Á búnaðarþinginu síðastliðinn vetur var mál þetta tekið til rækilegrar meðferðar og samþykktar þar með öllum atkv. ýmsar breytingar á lögum félagsins. Ein af þeim breytingum (um stjórnarkosningu félagsins) getur vitanlega ekki gengið í gildi fyrr en fengizt hefir sú breyting á jarðræktarlögunum, sem hér er farið fram á. Eru það tilmæli búnaðarþingsins, að hið háa Alþingi verði við þessari ósk þess, og var mér falið að bera málið fram á Alþingi. Nánar í framsögu.